

SKYNDIHJÁLPARSPURNINGAR - SVÖR

KÖNNUN A

1) Nauðsynlegt er að byrja á að tryggja öryggi á vettvangi slysa áður en slösuðu fólki er veitt skyndihjálpar.

rétt

rangt

Svar: Fyrsta skrefið af fjórum í skyndihjálpar er að tryggja öryggi til að koma í veg fyrir frekari slysa. Til að tryggja öryggi á slysa stað þarf fyrst að huga að eigin öryggi og síðan hvort einhverjar hættur eru í grenndinni. Tryggja má öryggi með ýmsum hætti allt eftir því um hvers konar slysa er að ræða. Um leið og öryggi er tryggt þarf sá sem kemur að slysinu að reyna að átta sig á því hvað gerðist, hve alvarlegt slysið er, hversu margir eru slasaðir og hvert ástand slasaðra er.

2) Allir sem fá skyndilegan verk fyrir brjostið og eru 35 ára eða eldri eiga strax að fara í skoðun hjá lækni.

rétt

rangt

Svar: Þessar ráðleggingar eiga einnig við um þá sem eru yngri en 35 ára með þekktan hjartasjúkdóm. Fæstir þeirra sem eru 35 ára og eldri og fá skyndilegan verk fyrir brjosti eru með kransæðastíflu. Talið er að árlega látist um 250 manns hér á landi af völdum kransæðastíflu (sem er algengasta ástæða hjartaáfalls). Kransæðastífla hefst oftast með skyndilegum brjóstverk vinstra megin sem leitt getur út í bak, handlegg eða upp í háls. Einkenni geta verið óvenjuleg svo sem eins og verkur í efri hluta kviðar, verkur eingöngu í handlegg og mæði. Stundum er erfitt að greina einkennin.

3) Best er að sleppa plástri/umbúðum á sár ef hægt er.

rétt

rangt

Svar: Rétt meðhöndlun á sári dregur úr líkum á óæskilegum aukaverkunum. Sáraumbúðir eru settar á opin sár til að hefta blæðingu, fyrirbyggja sýkingu, draga í sig líkamsvessa og verja sárið fyrir óhreinindum og hnjaski. Gæta þarf þess að sáraumbúðirnar séu nægilega stórar til að hylja sárið. Sáraumbúðir geta verið af ýmsu tagi, s.s. grisjur, plástrar og sáraböggjar. Skipta þarf um sáraumbúðir ef þær verða blautar eða óhreinar. Annars nægir að skipta daglega.

4) Ef grunur er um áverka á hrygg á alls ekki að hreyfa hinn slasaða úr stað.

rétt

rangt

Svar: Megin reglan er sú að flytja ekki slasaða úr stað. Það kallast neyðarflutningur þegar flytja þarf slasaða af slysstað, t.d. af veginum eða út úr bíl. Það er einkum við eftirfarandi aðstæður sem flutningur á rétt á sér. Öryggi þess slasaða er ógnað, t.d. vegna umferðar eða hættu á eldi eða ef öndunarvegur er lokaður og öndun óeðlileg.

5) Þegar fjarlægja á aðskotahlut úr öndunarvegi skal fyrst þrýsta fimm sinnum á efri hluta kviðar (Hemlich) og síðan slá fimm sinnum þéttingsfast á milli herðablaðanna.

rétt

rangt

Svar: Fyrsta aðgerð þegar aðskotahlutur er fastur í öndunarvegi er að hvetja einstaklinginn til að hósta kröftuglega, þ.e. ef hann getur. Ef aðskotahluturinn losnar ekki á að slá þéttingsfast með hendinni fimm sinnum á milli herðablaðanna. Markmiðið með hverju höggi er að losa aðskotahlutinn. Ef hluturinn losnar ekki á að beita þrýstingi, fimm sinnum, á efri hluta kviðar (Heimlich).